



2. desember 2020

2011137

Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 20. nóvember óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um vísitölu neysluverðs og lögum um fasteignalán til neytenda (afnám verðtryggingar), 38. mál. á 151. löggjafarþingi.

Seðlabankinn hefur alloft í gegnum tíðina veitt umsagnir um þingmál um sams konar eða keimlík mál, varðandi verðtryggingu fjárskuldbindinga, og vísar almennt til þess sem þar hefur fram komið.

Frumvarp þetta felur í sér breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 þar sem bætt er við lögin málsgreininni: „Óheimilt er að verðtryggja neytendalán eða fasteignalán til neytenda.“ Sú breyting felur í sér takmörkun á sammingsfrelsi almennings sem Seðlabanka Íslands er ekki kunnugt um að þekkist annars staðar. Almennt má líta svo á að takmörkun sem þessi á valkostum feli í sér skerðingu lífskjara og beri að forðast af þeirri ástæðu. Af greinargerð með frumvarpinu má álykta að þessu ákvæði sé ætlað að vernda heimili landsins fyrir áhrifum verðbólgu. Eins og Seðlabankinn hefur margsinnis bent á í svörum við áþekktum hugmyndum er rétt að leggja áherslu á að helsti valkostur við verðtryggt langtímalán er óverðtryggt lán með breytilegum vöxtum (sjá m.a. grein um verðtryggingu og fasta vexti í *Peningamálum* 2003/2 en afrit greinarinnar fylgir með þessari umsögn). Afborganir af slíkum lánnum eru þó mun næmari fyrir verðbólgu en afborganir verðtryggðra lána og því verður ekki séð að bann við verðtryggðum lánnum feli í sér sérstaka vernd fyrir heimilin.

Verðtryggð lán hafa ýmsa kosti fyrir lántakendur. Greiðslubyrði þeirra er mun fyrirsjáanlegri en greiðslubyrði óverðtryggðra lána sem jafnframt leiðir almennt til lægri raunvaxta en á sambærilegum óverðtryggðum lánnum og er ávinningurinn af því meiri eftir því sem endurgreiðslutíminn er lengri. Þá er greiðslubyrði verðtryggðra lána lægri en samsvarandi óverðtryggðra lána framan af lánstímanum og henta þau því tekjulágu fólki sérstaklega vel til að

fjármagna fasteignakaup. Bann við verðtryggðum lánum til almennings mun því fækka valkostum og taka út kosti sem eru sérstaklega heppilegir tekjulágum fasteignakaupendum. Þessi aðgerð myndi því að öllum líkindum vinna gegn hagsmunum þeirra sem henni er ætlað að hjálpa og auka hættu á greiðsluferfiðleikum lántakenda. Þá er rétt að ítreka það sem Seðlabankinn hefur bent á í gegnum tíðina í þessu sambandi, um að besta leiðin til að draga úr áhrifum verðtryggingar sé viðvarandi verðstöðugleiki. Seðlabankinn leggst því eindregið gegn banni við verðtryggðum lánum til neytenda.

Í öðrum kafla frumvarpsins er lögð til eftirfarandi breyting á lögum um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995. Bætt verði við lögin bráðabirgðaákvæðinu: „Á tímabilinu 1. nóvember 2020 til 31. október 2021 skal vísitala neysluverðs ekki taka breytingum sem leiða til hækkunar.“ Vísitölu neysluverðs er ætlað að mæla þróun á verðlagi einkaneyslu. Seðlabankinn leggst eindregið gegn þessari tillögu sem kveður á um það í raun að skekkja mælingu verðlags. Jafnframt er vandséð hvernig það getur samrýmt sjálfstæði Hagstofunnar til hagamælinga og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands hvað það varðar.

Í þriðja kafla frumvarpsins er lagt til að lögum um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 verði breytt svo að lántakandi verði undanþeginn því að undirgangast greiðslumat, þegar tekið er óverðtryggt fasteignalán sem ráðstafað er til uppgreiðslu fasteignalána þar sem a.m.k. eitt þeirra er verðtryggt. Þar sem slík breyting getur þyngt greiðslubyrði lántakandans verulega, sbr. það sem áður segir um afborganir af verðtryggðum lánum, auk þess sem það er varhugavert út frá sjónarmiðum um áhættu í fjármálakerfinu og fjármálastöðugleika að banna verðtryggingu einungis á eignahlið fjármálafyrirtækja (útlán) en heimila hana á skuldahlið þeirra (innlán) telur Seðlabankinn rétt að vara við þessari tillögu.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

Fylgiskjal: „Verðtrygging og fastir vextir“, grein úr Peningamálum 2003/2.